

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 40/2022

2022/EES/42/40

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 reglum um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, hvar opinbert eftirlit með slíkum vörum á að fara fram og um breytingu á framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 og (ESB) 2019/2124 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1935 frá 8. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/723 að því er varðar upplýsingar og gögn um lífræna framleiðslu og merkingar lífrænt ræktaðra vara sem á að leggja fram með því að nota staðlaða fyrirmynd að eyðublaði ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2119 frá 1. desember 2021 um ítarlegar reglur um tiltekna skrár og yfirlýsingar sem krafist er frá rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og um tæknilegar leiðir til útgáfu á vottorðum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 að því er varðar útgáfu vottorða fyrir rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjendur í þriðju löndum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2307 frá 21. október 2021 um reglur um skjöl og tilkynningar sem krafist er fyrir lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktaðum vörum inn í Sambandið ⁽⁶⁾.
- 7) Framseld reglugerð (ESB) 2021/2306 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1235/2008 ⁽⁷⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 396, 10.11.2021, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 430, 2.12.2021, bls. 24.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 30.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8.

⁽⁷⁾ Stjtuð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 9) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 11ba (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723) í hluta 1.1 í I. kafla og 31qa (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/723) í II. kafla:

„, breytt með:

- **32021 R 1935:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1935 frá 8. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 396, 10.11.2021, bls. 17).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 11bv (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123) og 11bw (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/2124) í hluta 1.1 í I. kafla og 31qv (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/2123) og 31 qw (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/2124) í II. kafla:

„, breytt með:

- **32021 R 2305:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 frá 21. október 2021 (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 5).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11c (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11d. **32021 R 2305:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 reglum um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, hvar opinbert eftirlit með slíkum vörum á að fara fram og um breytingu á framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 og (ESB) 2019/2124 (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 5).“

4. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466) í II. kafla:

„31s. **32021 R 2305:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 reglum um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, hvar opinbert eftirlit með slíkum vörum á að fara fram og um breytingu á framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 og (ESB) 2019/2124 (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 5).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Texti liðar 54bb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008) hljóði svo:

„**32021 R 2306:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. 7. gr. er orðunum „eða í samræmi við tollafgreiðslu á Íslandi eða í Noregi“ bætt við á eftir tilvísuninni í reglugerð (ESB) nr. 952/2013.“
 - b) Ísland og Noregur þurfa ekki að nota EORI-númer til auðkenningar í skoðunarvottorðum fyrir innflutning á lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun.“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 54bh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/1378):
- „, breytt með:
- **32021 R 2119:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2119 frá 1. desember 2021 (Stjtið. ESB L 430, 2.12.2021, bls. 24).“
3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 54bl (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698):
- „54bm. **32021 R 2119:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2119 frá 1. desember 2021 um ítarlegar reglur um tilteknar skrár og yfirlýsingar sem krafist er frá rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og um tæknilegar leiðir til útgáfu á vottorðum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 að því er varðar útgáfu vottorða fyrir rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjendur í þriðju löndum (Stjtið. ESB L 430, 2.12. 2021, bls. 24).
- 54bn. **32021 R 2307:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2307 frá 21. október 2021 um reglur um skjöl og tilkynningar sem krafist er fyrir lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins (Stjtið. ESB L 461, 27.12. 2021, bls. 30).
- 54bo. **32021 R 2325:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfírvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 465, 29.12. 2021, bls. 8).“
4. Eftirfarandi er bætt við lið 164a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/723):
- „, breytt með:
- **32021 R 1935:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1935 frá 8. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 396, 10.11.2021, bls. 17).“
5. Eftirfarandi er bætt við liði 164v (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/2123) og 164w (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/2124):
- „, breytt með:
- **32021 R 2305:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 frá 21. október 2021 (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 5).“
6. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 164x (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2126):
- „164y. **32021 R 2305:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 reglum um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, hvar opinbert eftirlit með slíkum vörum á að fara fram og um breytingu á framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 og (ESB) 2019/2124 (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 5).“

3. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/2305 og (ESB) 2021/2306 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/1935, (ESB) 2021/2119, (ESB) 2021/2307 og (ESB) 2021/2325, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2022 frá 4. febrúar 2022 ⁽⁸⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

forseti.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(8) Stjútð. ESB L 175, 30.6.2022, bls. 46, og EES-viðbætur nr. 42, 30.6.2022, bls. 46.